

5. stjórnarfundur HSV starfsárið 2023-2024. Haldinn á skrifstofu HSV í Vestrahúsinu, þriðjudaginn 30. janúar. 2024 kl. 16:30

Mættir eru Anton Helgi Guðjónsson, Hjördís Þráinsdóttir, Axel Sveinsson, Magnús Bjarnason og Dagný Finnbjörnsdóttir sem ritar fundargerð.

1. Tilfærsla verkefna

Stjórn fer yfir það með framkvæmdastjóra hvaða verkefni það eru sem munu flytjast frá HSV til Ísafjarðarbæjar með tilkomu íþrótt- og æskulýðsfulltrúa og hvaða verkefni það eru sem munu tilheyra HSV áfram.

Verkefnalisti stjórnar HSV yfirfarinn og lögð drög að starfi stjórnar fram að ársþingi HSV sem fram fer 7. maí nk.

Yfirþjálfari íþróttaskóla verður starfsmaður HSV út apríl mánuð, er það gert vegna skráninga iðkenda og æfingagjalda þeirra. Frekari tíma þurfti til að skipuleggja skráningarfyrirkomulag iðkenda, stjórn HSV óskar eftir því að Dagný fráfarandi framkvæmdastjóri muni aðstoða stjórn við launagreiðslur yfirþjálfara og verktakagreiðslur þjálfara út apríl nk.

2. Önnur mál

Afrekssjóður – greiða út mánaðarlega

Þjálfarasjóður – greiða eftir skýrslu

Búnaðarsjóður - Staða á Íslandsbanka reikningi

Greiðsla til HSV frá Ísafjarðarbæ:

- Rukka einusinni á ári afrekssjóð
- Rukka einusinni á ári þjálfarasjóð
- Rukka einusinni á ári 2.500.000 sem skiptist eins og lottótekjur á íþróttafélög

Ársþing – framboð til stjórnar, virkja uppstillingarnefnd.

Fundi slitið 18:09